

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 58. Alþjóðavinnumálapingið í Genf 1973.

Fimmtugasta og áttunda þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 6.—27. júní 1973.

Þingið sátu alls um 1400 manns frá 116 af 123 aðildarríkjum stofnunarinnar. Ísland átti ekki fulltrúa á þessu þingi.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

- I. Skýrsla framkvæmdastjóra.
- II. Stefnuskrá og fjármál.
- III. Skýrslur um framkvæmd samþykktu og tillagna.
- IV. Lágmarksaldur við vinnu (síðari umræða).
- V. Félagsleg áhrif nýrra vinnuhátta í höfnum (síðari umræða).
- VI. Námsleyfi með kaupum (fyrri umræða).
- VII. Eftirlit með og varnir gegn sýkingu af krabbameini í starfi (fyrri umræða).

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir dagskrármálum þingsins, en samþykktir þær og tillögur sem þingið gerði eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

I. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjórans skiptist jafnan í tvo hluta. Fjallar annar hlutinn um starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en hinn um eitthvert mál, sem framkvæmdastjórinn vill vekja sérstaka athygli á og fá krufið til mergjar.

Það mál, sem framkvæmdastjórinn kaus að fjalla um að þessu sinni, nefndi hann „Velmegun í þágu velferðar“.

Í skýrslunni er fyrst og fremst rætt um það, hvaða áhrif ástandið í efnahags- og fjármálum heimsins hefur á þau mál, sem ILO vinnur að. Þar segir að enda þótt það sé utan verkahringis ILO að taka alþjóðlegar ákvarðanir um viðskipti, fjárfestingar- og gjaldeyrismál, þá sé stofnuninni skylt að kanna það, hvaða áhrif slíkar ákvarðanir hafi á grundvallarmarkmið hennar og að kynna sjónarmið stofnunarinnar í þessum efnum.

Í skýrslunni segir að hin rangláta skipting eigna og tekna í heiminum sé mesti tálminn á vegi félagslegs réttlætis og því er lagt til að ILO safni og vinni úr upplýsingum um þetta efni með það fyrir augum að skapa grundvöll fyrir umræður um orsakir þessa misréttis og leiðir til afnáms þess. Þess er getið að slíkar aðgerðir muni snerta mörg svið svo sem launamál, menntun, félagslegar tryggingar, skattamál o. fl.

Í skýrslunni er mælt með frjálslægri viðskiptakjörum til handa þróunarlöndunum og þar segir að eitt af því, sem sé til fyrirstöðu í því efni sé óttinn við að það komi niður á verkafólki í iðnþróuðum ríkjum. Hér bíði því ILO það mikilvæga hlutverk að koma með tillögur til lausnar á þeim aðlögunarvandamálum, sem upp hljóta að koma.

Alls tóku um 200 manns til máls um þennan dagskrárlið þ. á m. Uhro Kekkonen, forseti Finnlands og Habib Bourguiba, forseti Túnis, en þeim hafði verið sérstaklega boðið til þessa þings.

II. Stefnuskra og fjármál.

Á þessu þingi var gengið frá fjárhagsáætlun fyrir árin 1974 og 1975.

Framlög aðildarríkjanna eru áætluð 45.134.500 dollarar samtals hvort þessara ára. Af þessari fjárhæð ber Íslandi að greiða 0.05% eða 22.567 dollara 1974 og 0.04% eða 18.054 dollara árið 1975. Gjaldtagi árgjaldsins er 1. janúar ár hvert.

III. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.

Ríkisstjórnnum aðildarríkja ILO er skylt að leggja samþykktir Alþjóðavinnu- málalagsins fyrir hendhafa löggjafarvaldsins. Einnig ber þeim að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd þeirra samþykktar, sem þær hafa fullgilt. Í þriðja lagi er skylt að gefa stofnuninni skýrslu um stöðu þeirra mála, sem fjallað er um í ILO- samþykktum, sem hlutaðeigandi ríki hafa ekki fullgilt.

Allar skýrslur um það, sem að framan greinir, eru lagðar fyrir sérstaka sér- fræðinganefnd. Greinargerð og álit þeirrar nefndar er síðan lagt fyrir Alþjóða- vinnuáætlun og fjallar sérstök þingnefnd um þessi mál. Niðurstöður þeirrar nefndar eru síðan lagðar fyrir allsherjarþingið til endanlegrar afgreiðslu. Þannig er háttáð eftirliti með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar gagnvart Alþjóðavinnuáætluninni, en verði verulegur misbrestur á því er þess sér- staklega getið hvaða ríki hafi brugðist skyldum sínum í þessu efni og í hverju vanræksla þeirra er fólgin. Þetta skapar verulega sterkt aðhald því að flestum ríkjum þykir mikil vansæmd að því að verða sett á þennan „svarta lista“.

IV. Lágmarksaldur við vinnu.

Mál þetta var til fyrri umræðu á þinginu 1972 og voru þá gerð drög að sam- þykkt og tillögu um lágmarksaldur barna og ungmenna við vinnu. Þessi drög voru síðan send ríkisstjórnnum aðildarríkja til umsagnar. Að fengnum þeim umsögn- um voru samín ný drög að samþykkt og tillögu um þetta efni og þau lögð fyrir þetta þing, sem samþykkti þau með nokkrum breytingum, sem alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur við vinnu og tillögu um sama efni.

Alþjóðavinnuáætlunin hefur jafnan látið sig miklu skipta vinnuvernd barna og ungmenna og þegar á fyrsta þingi stofnunarinnar árið 1919 var gerð sam- þykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði. Alls hefur Alþjóðavinnuáætlunin gert 10 samþykktir um lágmarksaldur í hinum ýmsu starfsgreinum. Þessari samþykkt, sem nú var gerð, er ætlað að koma smám saman í stað allra þessara eldri sam- þykktar og með henni er stefnt að því að útrýma algjörlega vinnu barna.

Aðildarríki þau, sem fullgilda þessa samþykkt, skuldbinda sig til þess að stefna að því að hækka lágmarksaldur við vinnu, að því marki, sem best hæfir líkam- legum og andlegum þroska ungmenna. Tiltaka skal ákveðin lágmarksaldur við alla vinnu, sem ekki sé lægri en lokaaldur skólaskyldu og ekki lægri en 15 ár. Heimilt getur þó verið í vissum tilvikum að miða við lægra aldursmark fyrst í stað. Einnig er heimilt að takmarka gildissvið samþykktarinnar um stundarsakir, en hún skal þó a. m. k. taka til námuvinna, iðnaðar, byggingavinnu, vinnu við rafmagns-, gas- og vatnsveitur, heilbrigðisþjónustu, vöruflutninga, vörugæmslu og samgöngur, svo og landbúnaðar, nema smábúskapar. Þá má einnig með lögum eða reglugerðum leyfa að unglíngar, sem eru 13—15 ára vinni létt störf, sem ekki eru líkleg til að draga úr þroska þeirra eða skólalagöngu.

Þegar um er að ræða störf, sem geta verið hættuleg heilbrigði, öryggi eða siðgæði ungmenna, er aldursmarkið 18 ár, en frá því má gera undantekningar með ákveðnum skilyrðum.

Jafnan skal hafa samráð við félagssamtök vinnuveitenda og verkamanna um undanþágur frá aðalreglum samþykktarinnar.

Helstu ákvæði íslenskra laga um lágmarksaldur við vinnu er að finna í 41. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna en þar segir svo:

„Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæslu í skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

Rélt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna, og kveða á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrirfram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum er sérstök slyshætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verslunarstarfsemi þeirra; störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, sem siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.“

Af því, sem að framan segir er ljóst, að íslensk löggjaf fullnægir ekki ákvæðum, samþykktarinnar og er því ekki unnt að fullgilda hana að sinni.

Til þessa hefur ekkert ríki fullgilt þessa samþykkt.

Eins og áður segir samþykkti þingið einnig tillögu um sama efni og samþykktin um lágmarksaldur fjallar um. Tillaga þessi er eins konar viðauki við samþykktina og felur í sér ábendingar eða tilmæli til ríkisstjórna um ýmsar aðgerðir til verndar börnum og ungmönnum í sambandi við vinnu þeirra.

Samþykktin og tillagan fylgja þessari skýrslu í íslenskri þýðingu. Fylgiskjöl II og IV.

V. Félagsleg áhrif nýrra vinnuhátta í höfnum.

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á vinnuaðferðum við fermingu og affermingu skipa og meðhöndlun farns í vörugeymslum. Þessi störf ganga nú miklu hraðar en áður og krefjast ekki eins mikillar líkamlegrar áreynslu. Einnig þarf nú færri menn en áður við þessi störf. Þessar nýju vinnuaðferðir hafa að sjálfsögðu í för með sér miklar breytingar á högum hafnarverkamanna.

Alþjóðavinnuálagstofnunin hefur jafnan látið sig miklu skipta kjör hafnarverkamanna og að frumkvæði hennar var haldinn fundur um málefni þeirra í Rotterdam í apríl 1969. Á þeim fundi var samþykkt að mælast til þess að Alþjóðavinnuálagstofnunin fjallaði sem fyrst um félagsleg áhrif nýrra vinnuhátta í höfnum. Stjórn stofnunarinnar ákvað síðan að málið skyldi tekið til fyrri umræðu á þinginu 1972. Á því þingi var gengið frá drögum að samþykkt og tillögu um þetta efni.

Samkvæmt venju voru þessi drög síðan send ríkisstjórnunum aðildarríkjanna til umsagnar. Að fengnum þeim umsögnum voru þessi drög endurskoðuð og síðan lögð fyrir þingið 1973. Á því þingi var svo málið endanlega afgreitt með alþjóðasamþykkt og tillögu.

Efni samþykktarinnar er í stórum dráttum sem hér segir:

Í innganginum er vakin athygli á þeirri miklu hagræðingu, sem átt hefur sér stað í sambandi við vöruflutninga með skipum, og á það bent að hafnarverkamenn ættu að öðlast nokkra hlutdeild í þeim hagnaði, sem af þessari hagræðingu leiðir.

Samþykktin tekur til manna, sem að staðaldri eru reiðubúnir til vinnu sem hafnarverkamenn og byggja árstekjur sínar að mestu á slíkri vinnu. Hafnarverkamenn skulu skrásettir og er skylt að veita skrásettum hafnarverkamönnum forgang að hafnarvinnu og jafnframt er þeim skylt að vera jafnan reiðubúnir til slíkrar vinnu. Tryggja ber hafnarverkamönnum lágmarkstekjur eða lágmarksvinnutíma í samræmi við efnahagslegar og félagslegar ástæður í hlutaðeigandi landi og stefna skal að því að hafnarverkamenn geti haft stöðuga og reglulega atvinnu eftir því sem unnt er.

Tryggja skal það, að viðeigandi ákvæði um öryggi, heilbrigði, velferð og starfsþjálfun taki til hafnarverkamanna.

Ákvæðum samþykktarinnar skal framfylgja með landslögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem þau eru ekki gerð gildandi með heildarsamningum, úrskurðum gerðardóms eða á annan hátt í samræmi við landsvenjur.

Eins og áður segir gerði þingið einnig tillögu um þetta mál. Hefur hún að geyma ítarlegri ákvæði um efni samþykktarinnar og nánari skýringar á ákvæðum hennar.

Í íslensku löggjöf er ekki að finna ákvæði um aðalefni umræddrar samþykktar, né heldur í heildarsamningum hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna. Fullgilding samþykktarinnar kemur því varl til greina að svo stöddu.

Hingað til hafa tvö ríki fullgilt samþykktina þ.e. Ástralía og Svíþjóð og gengur samþykktin í gildi 24. júlí 1975.

Samþykktin og tillagan eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl I og III.

VI. Námsleyfi með kaupum.

Árið 1965 gerði ILO ályktun þess efnis að veita ætti launþegum fri frá vinnu með kaupum til þess að leita sér menntunar og var þetta mál tekið til fyrri umræðu á þessu þingi 1973.

Fyrir þinginu lá greinargerð frá Alþjóðavinnuáskrifstofunni ásamt drögum að tillögu um málið. Fóru fram almennar umræður um málið, sem ekki verða raktar hér. En þess skal þó getið að mest var rætt um skilgreiningu hugtaksins „Námsleyfi með kaupum“ og hvað greiða skuli meðan á námsleyfi stendur.

Málinu var síðan vísað til næsta þings.

VII. Eftirlit með og varnir gegn sýkingu af krabbameini í starfi.

Almennar umræður um þetta mál fóru fram á þessu þingi og var gengið frá drögum að tillögu, sem síðan var send til umsagnar ríkisstjórna aðildarríkja ILO.

Síðari umræða um þetta mál fór svo fram á þinginu 1974 og verður gerð grein fyrir því í væntanlegri skýrslu um það þing.

Fylgiskjal I.**Samþykkt nr. 137 um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 58. þingsetu sinnar í Genf hinn 6. júní 1973 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofunnar,

telur að mikilvægar breytingar hafi gerst og séu að gerast að því er varðar aðferðir við meðhöndlun farms í höfnum, svo sem að teknar eru upp hleðslueiningar og færibrautir, aukin er vélvæðing og sjálfvirkni svo og teknar upp nýjar aðferðir við flutning á farmi og að vænta megi þess, að breytingar þessar verði viðtækari í framtíðinni,

telur að þar sem slíkar breytingar flýti fyrir flutningum farms, stytta viðstöðu skipa í höfnum og lækki flutningskostnað, geti þær bætt efnahag hlutaðeigandi ríkis í heild og stuðlað að bættum lífskjörum,

telur að slíkar breytingar hafi einnig áhrif á atvinnuönguleika í höfnum og einnig á vinnuskilyrði og líf hafnarverkamanna og að gera ætti ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr þeim vanda, sem af þeim leiðir,

telur að hafnarverkamenn ættu að öðlast hlutdeild í þeim hagnaði, sem leiðir af upptöku nýrra aðferða við meðhöndlun farms og þess vegna ætti í sambandi við áætlanir og upptöku nýrra starfshátta að gera ráðstafanir til varanlegra bóta á stöðu þeirra með því m. a. að gera vinnuna og tekjur stöðugar og einnig gera ráðstafanir viðvíkjandi vinnuskilyrðum þeirra og lífskjörum svo og varðandi öryggi og heilbrigði hafnarverkamanna, og

þar sem þingið hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins, og

þar sem það hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 25. júní 1973 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um hafnarvinnu, 1973:

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til manna, sem að staðaldri eru reiðubúnir til vinnu sem hafnarverkamenn og byggja árstekjur sínar að meginhluta á slíkri vinnu.
2. Að því er tekur til þessarar samþykktar lækna orðin „hafnarverkamenn“ og „hafnarvinna“ menn og starfsemi, sem þannig er skilgreind samkvæmt lögum eða venju. Samtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna skulu höfð með í ráðum, eða á annan hátt taka þátt í gerð og endurskoðun slíkra skilgreininga. Í þessu sambandi skal tillit tekið til nýrra aðferða við meðhöndlun farms og áhrifa þeirra á hin ýmsu störf hafnarverkamanna.

2. gr.

1. Það skal vera stefna ríkisins að hvetja alla hlutaðeigendur til þess að veita hafnarverkamönnum stöðuga eða reglulega vinnu svo sem unnt er.
2. Hvað sem öðru líður skal tryggja hafnarverkamönnum lágmarksstarfstíma eða lágmarkstekjur á þann hátt og að því marki, er miðast við efnahagslegar og félagslegar ástæður í hlutaðeigandi landi eða höfn.

3. gr.

1. Gera skal og viðhalda skrá um allar starfsgreinar hafnarverkamanna á þann hátt, sem ákveðinn er samkvæmt lögum eða venju.

2. Skráðir hafnarverkamenn skulu hafa forgang að ráðningu í hafnarvinnu.
3. Skráðum hafnarverkamönnum skal skylt að vera reiðubúnir til vinnu eftir því sem ákveðið er samkvæmt lögum eða venju.

4. gr.

1. Fjöldinn á skránum skal kannaður á vissum fresti til þess að ákveða þau mörk, sem hafa þörfum hafnarinnar.
2. Þegar nauðsyn ber til fækkunar á skrá, skal samtímis gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr skaða, sem hafnarverkamenn verða fyrir.

5. gr.

Í því skyni að tryggja sem mestar félagslegar hagsbætur af nýjum aðferðum við meðhöndlun farms skal það vera stefna ríkisins að hvetja til samvinnu milli atvinnurekenda eða samtaka þeirra annars vegar og samtaka verkamanna hins vegar, með þátttöku hlutaðeigandi stjórnvalda eftir því sem við á, um að auka afköst við vinnu í höfnum.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki skal tryggja það, að viðeigandi ákvæði um öryggi, heilbrigði, velferð og starfsþjálfun taki til hafnarverkamanna.

7. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal veitt gildi með landslögum eða reglugerðum, að svo miklu leyti sem þau eru ekki gerð gildandi með heildarsamningum, úrskurðum gerðardóms eða á annan hátt í samræmi við venju í landinu.

8. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

9. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjóran skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skrásett.

10. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

11. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

12. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

13. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

14. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 10. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

15. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, er kom saman til 58. þingsetu sinnar í Genf hinn 6. júní 1973 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar lillögur um lágmarksaldur við vinnu, gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um lágmarksaldur í iðnaði, 1919, Samþykktar um lágmarksaldur við sjómennsku, 1920, Samþykktar um lágmarksaldur í landbúnaði, 1921, Samþykktar um lágmarksaldur kyndara og kolamókara, 1921, Samþykktar um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, 1932, Samþykktar um lágmarksaldur við sjómennsku, endurskoðuð 1936, Samþykktar um lágmarksaldur í iðnaði, endurskoðuð 1937, Samþykktar um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, endurskoðuð 1937, Samþykktar um lágmarksaldur fiskimanna, 1959 og Samþykktar um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar, 1965,

telur tímabært að setja almenn ákvæði um þetta efni, sem smám saman kæmu í stað þeirra, sem nú gilda og taka til afmarkaðra greina atvinnulífsins, með það fyrir augum að útrýma vinnu barna algjörlega, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar reglur skuli settar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag hinn 26. júní 1973 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um lágmarksaldur, 1973:

1. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, skuldbindur sig til þess að fylgja stefnu, sem miðar að því að tryggja raunverulega afnám barnavinnu og að hækka smám saman lágmarksaldur við vinnu eða störf að því marki, sem er í fyllsta samræmi við líkamlegan og andlegan þroska ungmenna.

2. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem hefir fullgilt samþykkt þessa, skal með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, tiltaka lágmarksaldur við vinnu eða starf í landi þess og á samgöngutækjum, sem skrásett eru þar. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 4. til 8. grein þessarar samþykktar, skal enginn undir þeim aldri tekinn í vinnu eða starf í neinni starfsgrein.
2. Hvert það ríki, sem hefir fullgilt samþykkt þessa, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það tiltaki hærri lágmarksaldur en það hafði áður gert.
3. Sá lágmarksaldur, sem tiltekinn er samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar skal ekki vera lægri en lokaaldur skólaskyldu og aldrei lægri en 15 ár.
4. Þrátt fyrir ákvæði 3. töluliðs þessarar greinar, getur aðildarríki, sem býr við vanþróaðan efnahag og menntunarskilyrði, tiltekið í fyrstu 14 ára lágmarksaldur, að höfðu samráði við samtök vinnuveitenda og verkamanna þar sem þau eru til.
5. Hvert það aðildarríki, sem tiltekið hefir 14 ára lágmarksaldur í samræmi við ákvæði næsta töluliðs hér að framan, skal setja í skýrslur sínar um framkvæmd samþykktarinnar, sem gefnar eru samkvæmt 22. grein Stofnskrár Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, yfirlýsingu um það,
 - a. að ástæðan til þess sé enn fyrir hendi, eða
 - b. að það afsali sér réttinum til að færa sér í nyt umrætt ákvæði frá tilteknum degi að telja.

3. gr.

1. Lágmarksaldur við hvers konar vinnu eða starf, sem í eðli sínu eða vegna aðstæðna við framkvæmd þess er líklegt til að stofna í hættu heilbrigði, öryggi eða siðgæði ungmenna, skal ekki vera lægri en 18 ár.
2. Þær tegundir vinnu eða starfs, sem 1. töluliður þessarar greinar tekur til, skulu tilteknar í lögum eða reglugerðum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi að höfðu samráði við samtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem þau eru til.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. töluliðs þessarar greinar geta lög eða reglugerðir eða hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við samtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem þau eru til, leyft vinnu eða störf ungmenna frá 16 ára aldri með því skilyrði, að heilbrigði, öryggi og siðgæðis hlutaðeigandi ungmenna sé fyllilega gætt og að ungmennin hafi fengið nægilega sérhæfða leiðsögn eða starfsþjálfun í starfsgrein þeirri, sem um er að ræða.

4. gr.

1. Að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur getur hlutaðeigandi stjórnvald að höfðu samráði við samtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, undanskilið ákvæðum samþykktar þessarar takmarkaðar greinar vinnu eða starfs, ef það er sérstökum og verulegum vandkvæðum bundið að heita þeim ákvæðum í þeim greinum.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd þennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, tiltaka allar þær greinar, sem kunna að hafa verið undanskildar samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar og ástæður til þess.

Í síðari skýrslum skal það skýra frá því hversu háttáð er lögum þess og framkvæmd að því er varðar þær greinar, sem undanskildar hafa verið og að hve miklu leyti samþykktinni hefur verið framfylgt eða fyrirhugað er að framfylgja henni að því er varðar þær greinar.

3. Vinna eða starf, sem 3. grein samþykktað þessarar tekur til, skal ekki undanskilið framkvæmd samþykktarinnar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

1. Nú er efnahagur og opinber þjónusta aðildarríkis ekki komin á nægilega hátt stig og getur það þá, að höfðu samráði við samtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem þau eru til, takmarkað í fyrstu gildissvið samþykktar þessarar.
2. Hvert það aðildarríki, sem hefur fært sér í nyt ákvæði 1. töluliðs þessarar greinar, skal tilgreina í yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, þær greinar atvinnulífs eða tegundar starfsemi, sem það lætur ákvæði samþykktarinnar taka til.
3. Ákvæði samþykktarinnar skulu að minnsta kosti taka til eftirtalinna greina: Námugróftur og grjótnám, iðnaður, byggingavinna, rafmagns-, gas- og vatnsveitur, heilbrigðisþjónusta, flutningar, vörugæmsla og samgöngur, svo og plantrekubúskapur og annar landbúnaður, sem aðallega framleiðir til sölu, en ekki fjölskyldubúskapur, sem framleiðir til staðbundinnar neyslu og hefur ekki að staðaldri launað starfsfólk í þjónustu sinni.
4. Hvert það aðildarríki, sem hefur takmarkað gildissvið þessarar samþykktar í samræmi við þessa grein:
 - a. skal í skýrslum sínum, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, skýra frá ástandinu almennt að því er tekur til vinnu ungmenna og barna í starfsgreinum, sem undanskildar eru gildissviði samþykktar þessarar, og hverjum þeim framförum, sem orðið hafa í átt til viðtækari heitingar ákvæða samþykktarinnar;
 - b. getur hvenær sem er formlega aukið gildissvið samþykktarinnar með yfirlýsingu stílaðri til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálastofnunar.

6. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til vinnu barna eða ungmenna í skólum vegna almennrar, starfslegrar eða tæknilegrar menntunar eða í öðrum þjálfunarstofnunum, né til vinnu barna, sem eldri eru en 14 ára, á vinnustöðum þar sem slík vinna er unnin við skilyrði, sem ákveðin eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi að höfðu samráði við samtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og launþega, þar sem þau eru til, enda sé starfið nauðsynlegur þáttur í:

- a. námi eða þjálfun, sem skóli eða þjálfunarstofnun ber aðallega ábyrgð á,
- b. áætlun um þjálfun, sem aðallega eða einungis fer fram í fyrirtæki, enda hafi hlutaðeigandi stjórnvald samþykkt áætlun þess, eða
- c. áætlun um leiðsögn eða fræðslu, er miði að því að létta val á starfi eða þjálfunarbraut.

7. gr.

1. Landslög eða reglugerðir geta leyft að ungmenni á aldinum 13 til 15 ára vinni létt störf, sem
 - a. ekki eru líkleg til þess að skaða heilsu þeirra eða þroska, og
 - b. ekki draga úr skólagöngu þeirra, þátttöku í starfskynningu eða námskeiðum, sem viðurkennd eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi, eða getu þeirra til að njóta fræðslu, sem þeim er veitt.

2. Landslög eða reglugerðir geta einnig leyft að ungmenni, sem orðin eru 15 ára, en hafa ekki lokið skólaskyldu, vinni störf, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í staflíðum a og b í 1. tölulið þessarar greinar.
3. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða í hvaða starfsgreinum megi leyfa vinnu samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar. Það skal einnig tiltaka lengd vinnutímans og vinnuskilyrði í slíkri vinnu.
4. Þrátt fyrir ákvæðin í 1. og 2. tölulið þessarar greinar, getur aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði 4. töluliðs 2. greinar, svo lengi sem það gerir svo, sett aldursmörkin 12 og 14 í stað aldursmarkanna 13 og 15 í 1. tölulið og aldursmarkið 14 í stað 15 í 2. tölulið þessarar greinar.

8. gr.

1. Að höfðu samráði við samtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald í einstökum tilvikum leyft undanþágur frá vinnubanninu í 2. grein þessarar samþykktar vegna þátttöku í listrænum sýningum.
2. Í slíkum leyfum skal setja takmörk um fjölda vinnustunda og kveða á um vinnuskilyrði.

9. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir þ.á.m. setja hæfileg viðurlög til þess að tryggja raunhæfa framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar.
2. Landslög eða reglugerðir eða hlutaðeigandi stjórnvald skulu tiltaka hverjir ábyrgð berir á því að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt.
3. Landslög, reglugerðir eða hlutaðeigandi stjórnvald skulu kveða á um skrár eða aðrar skýrslur, sem vinnuveitandi skal halda og hafa til reiðu. Skrár þessar eða skýrslur skulu greina nöfn og aldur eða fæðingardag manna, sem hann hefur í þjónustu sinni eða vinnu fyrir hann og yngri eru en 18 ára. Skulu þessar upplýsingar staðfestar þar sem því verður við komið.

10. gr.

1. Í samræmi við skilyrði þessarar greinar breytir þessi samþykkt eftirtöldum samþykktum: Samþykkt um lágmarksaldur í iðnaði, 1919, Samþykkt um lágmarksaldur við sjómennsku, 1920, Samþykkt um lágmarksaldur við landbúnað, 1921, Samþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, 1921, Samþykkt um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, 1932, Samþykkt um lágmarksaldur við sjómennsku, endurskoðuð 1936, Samþykkt um lágmarksaldur í iðnaði, endurskoðuð 1937, Samþykkt um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, endurskoðuð 1937, Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna, 1959, og Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum, 1965.
2. Gildistaka þessarar samþykktar kemur ekki í veg fyrir frekari fullgildingar á Samþykkt um lágmarksaldur við sjómennsku, endurskoðuð 1936, Samþykkt um lágmarksaldur í iðnaði, endurskoðuð 1937, Samþykkt um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, endurskoðuð 1937, Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna, 1959, eða Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum, 1965.
3. Samþykkt um lágmarksaldur í iðnaði, 1919, Samþykkt um lágmarksaldur við sjómennsku, 1920, Samþykkt um lágmarksaldur við landbúnað, 1921, og Samþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, 1921, skal ekki unnt að fullgilda eftir að allir aðilar að þeim hafa samþykkt það með því að fullgilda þessa samþykkt eða með yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar.

4. Þegar gengist hefur verið undir skuldbindingar þessarar samþykktar
- a. af aðildarríki, sem er aðili að Samþykktinni um lágmarksaldur í iðnaði, 1937, og lágmarksaldur, sem ekki er lægri en 15 ár er ákveðinn í samræmi við 2. grein þessarar samþykktar, skal það ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar,
 - b. að því er varðar önnur störf en iðnað, eins og þau eru skilgreind í Samþykktinni um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, 1932, skal það ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirrar Samþykktar af hendi aðildarríkis, sem er aðili að henni,
 - c. að því er varðar önnur störf en iðnað eins og þau eru skilgreind í Samþykktinni um lágmarksaldur við önnur störf en iðnað, endurskoðuð 1937, af aðildarríki, sem er aðili að þeirri samþykkt, og lágmarksaldur, sem ekki er lægri en 15 ár er ákveðinn í samræmi við 2. gr. þessarar samþykktar, skal það hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar,
 - d. að því er varðar vinnu á skipum, af aðildarríki, sem er aðili að Samþykktinni um lágmarksaldur við sjómennsku, endurskoðuð 1936, og lágmarksaldur, sem ekki er lægri en 15 ár hefur verið ákveðinn í samræmi við 2. grein þessarar samþykktar, ellegar að aðildarríkið ákveði að 3. grein þessarar samþykktar taki til sjómennsku, þá skal það ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar,
 - e. að því er varðar fiskveiðar í sjó, af aðildarríki, sem er aðili að Samþykktinni um lágmarksaldur fiskimanna, 1959, og lágmarksaldur, sem ekki er lægri en 15 ár hefur verið ákveðinn í samræmi við 2. grein þessarar samþykktar, ellegar að aðildarríkið ákveði að 3. grein þessarar samþykktar taki til vinnu við fiskveiðar á sjó, þá skal það ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirra samþykktar,
 - f. af aðildarríki, sem er aðili að Samþykktinni um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar, 1965, og lágmarksaldur, sem eigi sé lægri en aldur ákveðinn í samræmi við þá samþykkt sé ákveðinn í samræmi við 2. grein þessarar samþykktar, ellegar að aðildarríkið ákveði að slíkt aldurstakmark gildi um vinnu neðanjarðar í námum í samræmi við 3. grein þessarar samþykktar og skal það þá hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þeirrar samþykktar, ef þessi samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist.
5. Viðurkenning skuldbindinga þessarar samþykktar
- a. felur í sér uppsögn Samþykktarinnar um lágmarksaldur í iðnaði, 1919, í samræmi við 12. grein hennar,
 - b. að því er varðar landbúnað, felur í sér uppsögn samþykktarinnar um lágmarksaldur í landbúnaði, 1921, í samræmi við 9. grein hennar,
 - c. að því er varðar sjómennsku, felur í sér uppsögn Samþykktarinnar um lágmarksaldur við sjómennsku, 1920, í samræmi við 10. grein hennar og Samþykktarinnar um lágmarksaldur kyndara og kolanokara í samræmi við 12. grein hennar,
- ef þessi samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist.

11.—18. gr.

Samhljóða 8.—15. gr. samþykktar nr. 137 hér að framan.

Fylgiskjal III.**Tillaga nr. 145 um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 58. þingsetu sinnar í Genf hinn 6. júní 1973 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofunnar,

telur að mikilvægar breytingar hafi gerst og séu að gerast að því er varðar aðferðir við meðhöndlun farms í höfnum, svo sem að teknar eru upp hleðslueiningar og færibrautir, aukin er vélvæðing og sjálfvirkni svo og teknar upp nýjar aðferðir við flutning á farni og að vænta megi þess, að breytingar þessar verði viðtækari í framtíðinni,

telur að þar sem slíkar breytingar flýti fyrir flutningi farms, stytta viðstöðu skipa í höfnum og lækki flutningskostnað, geti þær bætt efnahag hlutaðeigandi ríkis í heild og stuðlað að bættum lífskjörum,

telur að slíkar breytingar hafi einnig áhrif á atvinnuöfguleika í höfnum og einnig á vinnuskilyrði og líf hafnarverkamanna og gera ætti ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr þeim vanda, sem af þeim leiðir,

telur að hafnarverkamenn ættu að öðlast hlutdeild í þeim hagnaði, sem leiðir af upptöku nýrra aðferða við meðhöndlun farms og þess vegna ætti í sambandi við áætlanir og upptöku nýrra starfshátta að gera ráðstafanir til varanlegra bóta á stöðu þeirra með því m. a. að gera vinnuna og tekjur stöðugar og einnig gera ráðstafanir viðvíkjandi vinnuskilyrðum þeirra og lífskjörum, svo og varðandi öryggi og heilbrigði hafnarverkamanna, og

þar sem þingið hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar ábendingar varðandi félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins, og

þar sem það hefur ákveðið, að ábendingar þessar skuli gerðar í tillögu til viðbótar Hafnarvinnusamþykktinni, 1973, gerir þingið í dag, hinn 25. júní 1973 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Hafnarvinnutillagan, 1973:

I. Gildissvið og skilgreiningur.

1. Með því fráviki, sem greinir í 36. gr. tekur tillaga þessi til mauna, sem að staðaldrí eru reiðubúnir til vinnu sem hafnarverkamenn og byggja afkomu sína aðallega á slíkri vinnu.
2. Að því er tekur til tillögu þessarar tákna orðin „hafnarverkamenn“ og „hafnarvinna“ menn og starfsemi, sem þannig er skilgreind samkvæmt lögum eða venju. Samtök hlutaðeigandi vinnuveitenda og verkamanna ættu að vera með í ráðum eða taka á annan hátt þátt í gerð og endurskoðun slíkra skilgreininga. Í þessu sambandi ætti að taka tillit til nýrra aðferða við meðhöndlun farms og áhrifa þeirra á hin ýmsu störf hafnarverkamanna.

II. Áhrif breyttra aðferða við meðhöndlun farms.

3. Í sérhverju landi og í sérhverri höfn, ef það á við, ætti reglulega og skipulega að meta sennileg áhrif breyttra aðferða við meðhöndlun farms, þ. á m. áhrifin á atvinnuöfguleika og vinnuskilyrði hafnarverkamanna svo og áhrifin á skipulag vinnu í höfnum. Einnig ætti að endurskoða þær aðgerðir, sem gerðar eru samkvæmt þessu mati. Mat þetta og endurskoðun skal framkvæmt af nefndum, sem fulltrúar samtaka vinnuveitenda og verkamanna eiga sæti í svo og fulltrúar hlutaðeigandi stjórnvalda eftir því sem við á.

4. Upptöku nýrra aðferða við meðhöndlun farms og skyldar aðgerðir ætti að samræma þróuninni í viðkomandi landi og landshluta, svo og áætlunum og stefnum í mannaflamálum.
5. Í þeim tilgangi, sem um ræðir í 3. og 4. gr. ætti að safna stöðugt öllum viðkomandi upplýsingum þ. á m. sérstaklega:
 - a. hagskýrslum um flutning farms um hafnir, er sýni þær starfsaðferðir, sem viðhafðar eru,
 - b. skýrslum, er sýni uppruna og ákvörðunarstað, meginstrauma vöruflutninganna svo og söfnun og dreifingu innihalds úr gámum og öðrum hleðslueiningum,
 - c. áætlunum um framtíðarstefnur fram settum á hliðstæðan hátt, ef unnt er,
 - d. áætlunum um þörf fyrir vinnuafli við meðhöndlun farms í höfnum, þar sem tekið sé tillit til væntanlegra breytinga á aðferðum við meðhöndlun farms og uppruna- og ákvörðunarstaða meginstrauma vöruflutninga.
6. Eftir því sem unnt er ætti hvert ríki að taka upp þær breytingar á meðhöndlun farms, sem best hæfa efnahag þess og sé þá sérstaklega tekið tillit til fánlegs fjármagns, sérstaklega erlends gjaldeyris, svo og vinnuafls og möguleika til flutninga innanlands.

III. Stöðugleiki vinnu og tekna.

A. Stöðug eða föst atvinna.

7. Eftir því sem unnt er ætti að veita öllum hafnarverkamönnum stöðuga eða fasta atvinnu.

B. Trygging atvinnu eða tekna.

8. (1) Nú er ekki unnt að veita stöðuga eða fasta atvinnu og ætti þá að veita tryggingu fyrir atvinnu og/eða tekjum á þann hátt og að því marki, sem miðast við efnahagslegar og félagslegar aðstæður í hlutaðeigandi landi eða höfn.
- (2) Þessi trygging gæti verið fólgin í einhverju eftirtalinna atriða, eða þeim öllum:
 - a. vinnu í unsaminn stundafjölda eða vaktafjölda á ári, mánuði eða viku eða greiðslu fyrir hana,
 - b. greiðslu fyrir að vera við þegar kallað er eða að vera á annan hátt reiðubúinn til vinnu þegar enga vinnu er að fá og greiðist þessi þóknun samkvæmt kerfi, sem hafnarverkamenn greiða ekki nein tillög til,
 - c. atvinnuleysisbótum, þegar enga vinnu er að fá.
9. Allir hlutaðeigendur ættu að gera jákvæðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða draga svo sem unnt er úr fækkun verkamanna án þess að spillt sé hagkvæmum rekstri hafnarinnar.
10. Gera ætti ráðstafanir við hæfi til þess að veita hafnarverkamönnum fjárhagslega vernd, þegar ekki verður hjá því komist að fækka verkamönnum. Skal það gert með ráðum eins og:
 - a. atvinnuleysistryggingum eða öðrum félagslegum tryggingum,
 - b. bótagreiðslum eða styrkjum frá vinnuveitendum vegna uppsagnar,
 - c. þeim samanlögðum styrkjum, sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum eða heildarsamningum.

C. Skráning.

11. Gera skal og viðhalda skrá um allar starfsgreinar hafnarverkamanna á þann hátt, sem ákveðinn er samkvæmt lögum eða venju, í því skyni:

- a. að koma í veg fyrir það, að teknir séu aukamenn, þegar fánleg vinna nægir ekki til hæfilegs framfæris hafnarverkamanna,
 - b. að koma á skipan til að gera vinnu reglubundna eða koma festu á tekjur og jafna niður vinnu í höfnum.
12. Fækka ætti sérhæfðum flokkum og breyta verkahring þeirra eftir því sem eðli starfsins breytist og fleiri hafnarverkamenn verða færir um að inna af höndum fleiri tegundir starfa.
 13. Þar sem því verður við komið, ætti að fella niður greinarmun á vinnu um borð í skipum og vinnu í landi til þess að auka möguleika á tilfærslu vinnuafis og stuðla að meiri sveigjanleika í úthlutun vinnu og betri afköstum.
 14. Þegar ekki er vól á fastri eða reglulegri vinnu fyrir alla hafnarverkamenn, ætti skráin annað hvort að vera:
 - a. ein, eða
 - b. sérstök skrá yfir
 - (i) Þá, sem hafa meira eða minna reglulega vinnu,
 - (ii) þá, sem eru í varaliði.
 15. Yfirleitt ætti enginn að starfa, sem hafnarverkamaður, nema hann sé skráður sem slíkur. Þegar allir fánlegir skráðir hafnarverkamenn eru í vinnu má gera undantekningar og ráða aðra verkamenn.
 16. Skráður hafnarverkamaður ætti að gefa kost á sér til vinnu á þann hátt, sem ákveðinn er í samræmi við lög eða venju.

D. Breytingar á skránum.

17. Hlutaðeigandi aðilar ættu reglulega að endurskoða mannfjölda á skránum til þess að á þeim sé ávallt hæfilegur fjöldi til þess að fullnægja þörfum viðkomandi hafnar en þó ekki fleiri en það. Við þessar endurskoðanir ætti að taka til greina öll atriði, sem máli skipta, en einkum þá þætti, sem varanleg áhrif hafa svo sem breyttar aðferðir við meðhöndlun farms og breyttar stefnur í viðskiptamálum.
18. (1) Nú minnkar þörfin fyrir hafnarverkamenn í einstökum greinum og skal þá eftir því sem unnt er leitast við að halda verkamönnunum áfram í hafnarvinnu með því að endurbjálfa þá til vinnu í öðrum greinum. Þessa endurbjálfun ætti að veita með góðum fyrirvara áður en væntanlegar breytingar á vinnuháttum eiga sér stað.
- (2) Ef almenn fækkun á skrá er óhjákvæmileg, ætti að gera það sem unnt er til þess að aðstoða verkamenn við að komast í aðra vinnu. Skal það gert með því að veita þeim aðstöðu til endurbjálfunar og aðstoð almennrar vinnumiðlunar.
19. (1) Eftir því sem við verður komið ætti sérhver óhjákvæmileg fækkun á skrá að gerast smám saman og án uppsagna úr vinnu. Í þessu sambandi er unnt að hagnýta reynslu af aðferðum við áætlanir um vinnuafli innan fyrir-
tækja.
- (2) Við ákvörðun um það, hversu mikil fækkunin skuli vera ætti að taka tillit til atriða eins og:
 - a. fækkunar, sem verður sjálfkrafa,
 - b. að stöðva ráðningu nýrra verkamanna, nema þeirra, sem hafa sérstaka hæfni til starfa, sem ekki er hægt að bjálfa þegar skráða hafnarverkamenn til,
 - c. að útiloka menn, sem ekki hafa lífsframfæri sitt aðallega af hafnarvinnu,
 - d. að lækkað sé það aldursmark, er menn geta látið af störfum eða að auðvelda mönnum að láta snemma af störfum með því að veita þeim eftirlaun, viðauka við eftirlaun frá ríkinu eða með eingreiðslum,

- e. að flytja að staðaldri hafnarverkamenn frá höfnum, sem hafa of marga verkamenn, til hafna, sem skortir vinnuafli, þegar ástæður réttlæta það og sé það gert í samræmi við heildarsamninga og með samþykki hlutaðeigandi verkamanna.
- (3) Áður en til uppsagna kemur ætli jafnan að athuga gaumgæfilega þau atriði, sem um getur í 2. tölulið þessarar greinar og taka tillit til sérhverra trygginga fyrir vinnu, sem kunna að hafa verið gefnar. Eftir því sem við verður komið ættu uppsagnir að byggjast á viðurkenndum reglum, þær ættu að vera háðar hæfilegum uppsagnarfresti og samfara þeim ættu að vera greiðslur, sem um getur í 10. grein.

E. Vinnumiðlun.

20. Þar sem ekki er um að ræða fasta eða stöðuga vinnu hjá ákveðnum vinnuveitanda, ætli að semja um miðlunarkerfi, sem:
- a. að teknu tilliti til ákvæða 11., 15. og 17. gr. sjái sérhverjum vinnuveitanda fyrir því vinnuafli, sem þarf til skjótrar afgreiðslu skipa, eða, ef skortur er á vinnuafli, fái hann sanngjarnan hluta vinnuaflsins í samræmi við settar reglur um forgang,
 - b. veiti sérhverjum skráðum hafnarverkamanni sanngjarnan hlut í fánlegri vinnu,
 - c. dragi svo sem unnt er úr nauðsyn þess, að menn þurfi að sinna kalli til úrvals og miðlunar vinnu og tíma, sem eytt er í þessu skyni,
 - d. tryggji það, að hafnarverkamenn ljúki því verki, sem þeir hafa byrjað á, eftir því sem hægt er að koma því við og með tilliti til nauðsynlegra vaktaskipta.
21. Með þeim skilyrðum, sem setja ætli í lögum, reglugerðum eða heildarsamningum, ætli að leyfa flutning hafnarverkamanna, sem eru í stöðugri vinnu, í vinnu um skeið hjá öðrum atvinnurekanda, ef nauðsyn krefur.
22. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin væru í lögum, reglugerðum eða heildarsamningum ætli að leyfa flutning hafnarverkamanna milli hafna um stundarsakir, þegar þörf gerist og með þeirra samþykki.

IV. Samskipti vinnuveitenda og verkamanna.

23. Samræður og samningar milli vinnuveitenda og hlutaðeigandi verkamanna ætlu ekki einungis að miða að lausn þeirra mála, sem eru á döfinni hverju sinni svo sem kaupgreiðslur og vinnuskilyrði, heldur ætli að fjalla um hvers konar ráðstafanir varðandi félagslegar aðgerðir, sem þörf er á vegna nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum.
24. Það ætli að viðurkennast, að tilvist félagsamtaka vinnuveitenda og hafnarverkamanna, sem stofnuð eru í samræmi við markmið Samþykktar um félagsfrélsi og verndun þess, 1948 og Samþykktarinnar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, og geta á frjálsum grundvelli gert samninga og tryggt framkvæmd þeirra, séu mikilvæg í þessu tilliti.
25. Setja ætli á fót viðeigandi samstarfsnefndir, þar sem þær eru ekki þegar fyrir hendi, í því skyni að efla anda trausts og samvinnu milli hafnarverkamanna og vinnuveitenda þannig að félagslegum og tæknilegum breytingum verði komið í kring án spennu eða árekstra og kærúmál greiðlega leyst í samræmi við Tillögu um rannsókn á kærum, 1967.
26. Félög vinnuveitenda og verkamanna ásamt hlutaðeigandi stjórnvöldum, eftir því sem við á, ætlu að taka þátt í þeim félagslegu aðgerðum, sem þörf er á, og þá sér í lagi framkvæmd áætlana, er miða að stöðugleika atvinnu eða tekna.

27. Koma ætti á raunhæfum samskiptum milli vinnuveitenda og hafnarverkamanna svo og á milli forystumanna verkafélagssamtaka og félagsmanna í samræmi við Tillögu um samskipti innan fyrirtækja, 1967. Þessi samskipti ætti að taka upp á öllum mögulegum sviðum og með öllum tiltækum ráðum.

V. Skipulagning hafnarvinnu.

28. Til þess að tryggja sem mestar félagslegar hagsbætur af nýjum aðferðum við meðhöndlun farms ætti að koma á samningum milli vinnuveitenda eða samtaka þeirra annars vegar og samtaka verkamanna hins vegar, í því skyni að þeir vinni saman að því að efla vinnuafköst í hafnarvinnu, með þátttöku hlutaðeigandi stjórnvalda eftir því sem við á.
29. Aðgerðir þær, sem slíkir samningar fjölluðu um, gætu m. a. verið:
- Hagnýting vísindalegrar þekkingar og tækni varðandi vinnuumhverfi með sérstöku tilliti til aðstæðna í höfnunum,
 - viðtækar áætlanir um starfsþjálfun þ. á m. þjálfun í öryggismálum,
 - gagnkvæmar aðgerðir til að útrýma úreltum aðferðum,
 - auknir möguleikar til að flytja hafnarverkamenn milli lesta, milli skipa, milli lands og skíps og úr einu starfi í annað í landi,
 - að gripið sé til vaktavinnu og helgarvinnu, þegar nauðsyn krefur,
 - vinnan sé skipulögð og þjálfun miðuð við það, að hafnarverkamenn geti innt af hendi ýmis skyld störf,
 - fjöldinn í hverjum vinnuflokki miðast við viðurkenndar þarfir með fullu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja hæfilega hvíldartíma,
 - gagnkvæm viðleitni til þess að koma svo sem unnt er í veg fyrir, að tími fari til spillis,
 - að vélknúin tæki séu notuð á raunhæfan hátt, enda sé gætt viðeigandi öryggisreglna og þeirra þungatakmarkana, sem krafist er með tilliti til öruggar afkastagetu vélar.
30. Samfara þessum aðgerðum ætti að gera samninga um skipulagningu vinnunnar eða stöðugleika tekna og einnig ætti að gera þær uubætur á vinnuskilyrðum, sem um ræðir í næsta kafla þessarar tillögu.

VI. Vinnuskilyrði og lífsskilyrði.

31. Lög og reglugerðir varðandi öryggi, heilbrigði, velferð og starfsþjálfun, sem gilda um iðnfyrirtæki, ættu að taka til hafnarvinnu með þeim tæknilegu frávikum, sem nauðsynleg kunna að vera. Starfrækja ætti viðeigandi og hæfa eftirlitsþjónustu.
32. Reglur um vinnutíma, vikulega hvíld, orlof með kaupi og önnur hliðstæð kjör, ættu ekki að vera síður hagstæð fyrir hafnarverkamenn en meiri hluta verkamanna í iðnfyrirtækjum.
33. Varðandi vaktavinnu ætti að setja reglur, sem fela það í sér:
- að verkamaður sé ekki settur á samfelldar vaktir, nema með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum, reglugerðum, eða heildarsamningum,
 - að sérstaklega sé greitt fyrir óþægindi, sem fylgja vaktavinnu, þar með talin helgarvinna,
 - að sett séu ákvæði um hámarks lengd vakta og viðeigandi ákvæði um tíma- setningu vaktaskipta með tilliti til aðstæðna á hverjum stað.
34. Nú eru teknar upp nýjar aðferðir við meðhöndlun farms og greitt er visst fyrir hvert tonn eða á annan hátt greitt eftir afköstum og ætti þá að endurskoða greiðsluhætti og taxa og breyta þeim þar sem þess er þörf. Þar sem því verður við komið ætti að hækka kaup hafnarverkamanna vegna upptöku nýrra aðferða við meðhöndlun farms.

35. Koma ætti á fót viðeigandi lífeyris- og eftirlaunakerfum þar sem þau eru ekki þegar fyrir hendi.

VII. Ýmis ákvæði.

36. Í samræmi við lög eða venju ættu viðeigandi ákvæði þessarar tillögu að taka til þeirra, sem vinna sem hafnarverkamenn aðeins öðru hvoru eða á vissum árstímum.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 146 um lágmarksaldur við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 58. þingsetu sinnar í Genf hinn 6. júní 1973, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

viðurkennir að raunhæf útrýming á vinnu barna og stighækkandi lágmarksaldur við vinnu sé aðeins einn þátturinn í vernd og þroskun barna og ungmenna, gefur gaum, að viðleitni allra stofnana Sameinuðu þjóðanna til slíkrar verndar og þroskunar,

hefur gert Samþykkt um lágmarksaldur, 1973,

vill skilgreina nánar vissa þætti stefnunnar í þessum málum, sem varða Alþjóðavinnuálastofnunina,

hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar ábendingar varðandi lágmarksaldur við vinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykktinni um lágmarksaldur, 1973, gerir það í dag hinn 26. júní 1973 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um lágmarksaldur, 1973:

I. Stefnumark.

1. Til þess að tryggja árangur af þeirri stefnu, sem um ræðir í 1. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, ætti að leggja megináherslu á það í stefnuskrá um framfarir hjá hverri þjóð, að gera ráð fyrir og fullnægja þörfum barna og ungmenna og sífelldri aukningu samstilltra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til þess að veita sem allra best skilyrði fyrir líkalegum og andlegum þroska barna og ungmenna.
2. Í þessu sambandi ætti sérstaklega að hafa í huga eftirfarandi atriði í stefnumótun:
 - a. ákveðinn vilji til að fylgja stefnu, sem miðar að fullri atvinnu í samræmi við samþykkt og tillögu um stefnu í atvinnuálagnum frá 1964 og að gera ráðstafanir, sem miða að bættu atvinnuástandi í strjálbýli og þéttbýli,
 - b. sífelld aukning efnahagslegra og félagslegra aðgerða til að draga úr fátækt hvarvetna til þess að tryggja fjölskyldum lífsskjör og tekjur, sem geri þeim ónauðsynlegt að láta börn vinna arðbær störf,
 - c. þróun og aukning félagslegs öryggis og aðgerða til velferðar fjölskyldna, án mismununar, er miði að því að tryggja framfæri barna, þ. á m. fjölskyldubætur,
 - d. þróun og aukning stig af stigi fullnægjandi aðstöðu til menntunar, starfskynningar og þjálfunar, sem miðuð sé við þarfir hlutaðeigandi barna og ungmenna,
 - e. þróun og aukning stig af stigi viðeigandi aðgerða til verndar og velferðar barna og ungmenna, þ. á m. þeirra, sem eru í starfi, og til eflingar þroska þeirra.

3. Nauðsynlegt er að gefa sérstakan gaum að þörfum barna og ungmenna, sem eru munaðarlaus eða búa ekki hjá fjölskyldum sínum, svo og þeirra barna og ungmenna, sem flytjast til og frá með fjölskyldum sínum. Ráðstafanir, sem gerðar eru í þessu skyni ætlu m. a. að fela það í sér að veittir séu námsstyrkir og starfsþjálfun.
4. Krefjast ætli þess og tryggja það, að ungmenni stundi að fullu nám í skóla eða taki þátt í viðurkenndri starfskynningu eða starfsþjálfun þar til þau hafa náð aldri, sem eigi sé lægri en sá aldur, sem ákveðinn er sem skilyrði til þess að hefja vinnu í samræmi við 2. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973.
5. (1) Hugleiða ætli aðgerðir eins og t. d. hættulausa undirbúningsþjálfun undir þau störf, sem samkvæmt 3. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, krefjast lágmarksaldurs, sem er hærri en skólaskyldualdur.
- (2) Hliðstæðar aðgerðir ætlu að koma til athugunar þegar faglegar kröfur í tiltekinni starfsgrein gera ráð fyrir lágmarksaldri, sem er hærri en skólaskyldualdur.

II. Lágmarksaldur.

6. Ákveða ætli sama lágmarksaldur í öllum greinum atvinnulífsins.
7. (1) Aðildarríkin ætlu að setja sér það mark að hækka stig af stigi í 16 ár lágmarksaldurinn í þeim starfsgreinum, sem tilteknað hafa verið í samræmi við 2. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973.
- (2) Nú er lágmarksaldur í starfsgrein, sem 2. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, tekur til lægri en 15 ára og ætli þá að vinda bráðan bug að því að hækka hann að því marki.
8. Nú er ekki æskilegt að ákveða þegar lágmarksaldur í öllum greinum landbúnaðar eða skyldum störfum í sveit og ætli þá a. m. k. að setja ákvæði um lágmarksaldur við störf á plantekrum og önnur þau landbúnaðarstörf, sem nefnd eru í 5. grein, 3. mgr. Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973.

III. Hættuleg störf.

9. Nú er lágmarksaldur við störf, sem talist geta hættuleg heilbrigði, öryggi eða siðgæði ungmenna, lægri en 18 ár og ætli þá að vinda bráðan bug að því að hækka hann að því marki.
10. (1) Við ákvörðun þess, hvers konar starfa 3. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, taki til, ætli að taka fullt tillit til viðeigandi alþjóðareglna á sviði vinnumála, svo sem þeirra er varða hættuleg efni eða meðferð þeirra (þ. á m. jónandi geisla), áreynslu við að lyfta þungum hlutum eða vinnu neðanjarðar.
- (2) Á tilteknum fresti ætli að endurskoða skrána yfir þau störf, sem um er að ræða, og breyta honum ef þurfa þykir, einkum með tilliti til aukinnar vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar.
11. Nú eru ekki þegar sett ákvæði um lágmarksaldur í ákveðnum starfsgreinum eða ákveðnum tegundum starfsemi í samræmi við 5. grein Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, og ætli þá að setja viðeigandi reglur um lágmarksaldur við þau störf, sem hafa í för með sér hættu fyrir ungmenni.

IV. Vinnuskilyrði.

12. (1) Sjá ætli til þess að vinnuskilyrði ungmenna undir 18 ára aldri séu jafnan viðunandi. Nákvæmt eftirlit ætli að hafa með vinnuskilyrðum þessum.

- (2) Á sama hátt ætti að tryggja með eftirliti þau skilyrði, sem börn og ungmenni búa við er þau njóta verklegrar tilsagnar eða þjálfunar á vinnustöðum, þjálfunarstöðvum og skólum, sem veita verklega eða tæknilega fræðslu. Einnig ætti að setja reglur um vernd þeirra og þroskun.
13. (1) Í sambandi við það, að framfylgja ákvæðum undanfarandi greinar svo og 7. gr. 3. mgr. Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, ætti að gefa sérstakan gaum að eftirfarandi atriðum:
- Að greidd séu sanngjörn laun, þau tryggð og sé í huga reglan um sömu laun fyrir sömu vinnu.
 - Að vinnutími á degi hverjum eða viku sé stranglega takmarkaður og lagt sé bann við yfirvinnu, svo að nægur tími gefist til menntunar og þjálfunar ásamt heimavinnu í því sambandi, svo og hvíldar að degi til og tómrstundaiðju.
 - Að veilt sé a. m. k. tólf stunda samfelld hvíld á sólarhring undantekningarlaust, nema í neyðartilvikum, svo og hefðbundnir vikulegir hvíldardagar.
 - Að veitt sé árlegt orlof með launum er sé a. m. k. fjórar vikur og aldrei skemmra en veitt er fullorðnum.
 - Að veittar séu félagslegar tryggingar er taki m. a. til vinnuslysa, læknishjálpar og sjúkradagpeninga, hvernig svo sem ráðningar- eða starfskjörum er háttað.
 - Að framfylgt sé fullnægjandi reglum um heilbrigði og öryggi svo og viðeigandi fræðslu og eftirliti.
- (2) Töluliður (1) í þessari grein tekur til ungra sjómanna að svo miklu leyti sem þeir í þeim efnum, sem þar um ræðir, njóta ekki góðs af samþykktum eða tillögum Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar, sem sérstaklega varða sjómennsku.

V. Framkvæmd.

14. (1) Aðgerðir til að tryggja raunhæfa framkvæmd Samþykktarinnar um lágmarksaldur, 1973, og þessarar Tillögu ættu að fela í sér:
- eflingu vinnueftirlits og skyldrar starfsemi, eftir því sem nauðsyn krefur, t. d. með sérstakri þjálfun eftirlitsmanna í því að uppgötva misferli við ráðningu eða vinnu barna og ungmenna og að leiðrétta slíkt misferli; og
 - eflingu þeirrar starfsemi, sem miðar að því að bæta þjálfun í fyrirtækjum og eftirlit með henni.
- (2) Leggja ælli áherslu á þann þátt, sem eftirlitsmenn geta átt í því að veita upplýsingar og leiðbeiningar um árangursríkar aðferðir til þess að hlíta viðeigandi reglum og tryggja framkvæmd þeirra.
- (3) Vinnueftirlitið og eftirlitið með þjálfun á vinnustað ætti að samræma vel til þess að tryggja sem hagkvæmastan árangur og yfirleitt ættu stjórnvöld á sviði vinnumála að hafa nána samvinnu við þau stjórnvöld, sem hafa umsjón með menntun, þjálfun, velferð og handleiðslu barna og ungmenna.
15. Sérstaka áherslu ætti að leggja á það:
- að hlýtt sé ákvæðum um störf, sem talin eru hættuleg; og
 - að koma í veg fyrir vinnu barna og ungmenna á þeim tíma, sem kennsla fer fram, að svo miklu leyti sem um skyldunám eða þjálfun er að ræða.
16. Eftirfarandi ráðstafanir ætti að gera til þess að auðveldara sé að sannreyna aldur:
- Opinber stjórnvöld ættu að sjá um raunhæfa skrásetningu barnsfæðinga og útgáfu fæðingarvottorða.
 - Skylda ætti vinnuveitendur til þess að halda skrár eða aðrar skýrslur, helst vottfestar, er sýni aldur eða fæðingardag barna og ungmenna, ekki einungis

þeirra, sem hjá þeim vinna heldur og þeirra, sem njóta starfsfræðslu eða þjálfunar í fyrirtækjum þeirra. Viðkomandi stjórnvöld ættu að hafa aðgang að skráum þessum eða skýrslum.

- c. Nú stunda börn eða ungmenni vinnu á strætum úti, á sölutorgum eða opinberum stöðum farandsölu, eða aðra þá vinnu, sem gerir það ófært að byggja eftirlitið á skráum vinnuveitanda, og ætti þá að láta þeim í té leyfi eða önnur skilríki, er sýni að þau fullnægi skilyrðum til að stunda slíka vinnu.